

# Fundargerð 38. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2017, miðvikudaginn 27. september kl. 12:45 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigrún Árnadóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundur með vestfirskum aðildarfélögum vegna fiskeldis - 1711001SU

Farið yfir fund stjórnar með aðildarfélögum á Vestfjörðum vegna fiskeldis.

*Fundurinn var haldinn í beinu framhaldi af fundi stjórnar með fiskeldissveitarfélögum á Vestfjörðum.*

*Rædd var sú niðurstaða fundarins að samtökin marki sér stefnu í fiskeldi. Auk þess sem starfsmanni var falið, að taka saman helstu niðurstöður fundarins með Vestfirðingum, var hann beðinn um að leggja fram í samráði við formann fyrir næsta stjórnarfund, tillögur að framkvæmd slíkrar stefnumörkunar.*

*Þá var starfsmanni falið að athuga mögulega ráðgjafa sem samtökin gætu fengið með sér að verkefninu.*

*/Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.*

Fundi var slitið kl. 13:30

---

Gauti Jóhannesson

---

Páll Björgvin Guðmundsson

---

Sigrún Árnadóttir